

Ed.

462. Nefndarálit

um frumvarp til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta eftir því sem hinn takmarkaði timi hefir leyft, og er hún einhuga þeirrar skoðunar, að hjer sje um mjög markvert mál að ræða, er geti, ef því er í framkvæmd hrundið, haft hina mikilvægustu þýðingu fyrir landbúnaðinn.

Að visu gerir nefndin ekki ráð fyrir því, að afarskjótar eða skyndilegar framfarir að því er landbúnaðinn snertir geti orðið, þótt frumvarp það, sem hjer um ræðir, verði að lögum, með því að snöggar byllingar eða breytingar, hvort heldur fram eða aftur, eru æfinlega andstæðari eðli þessa atvinnuvegar en flestra annara, og frumvarpið á hinu hliðina breytir ekki eða bætir á neinn hátt aðalundirstöðuna undir verulegum og varanlegum þroska þessa atvinnuvegar, sem felst frammar öllu í örum og öruggum samgöngum.

En þrátt fyrir það, þótt hjer sje ekki um að ræða örugga eða einhlíta bót á hinum margvíslegu og rótgrónu meinsemdum sveitabúskaparins, þá telur nefndin þó, að slík lánsstofnun, sem frumvarpið fjallar um, hljóti að hafa mikla þýðingu fyrir landbúnaðinn og geti með tíð og tíma og góðri stjórn átt allverulegan þátt í blómgun hans.

Með slíkri stofnun, sem hjer ræðir um, er landbúnaðinum veittur margfalt greiðari aðgangur að haganlegum lánnum heldur en hann hingað til hefir átt kost á. Og að því leyti má því segja, að allþungum steini sje því úr vegi velt á þroskabraut hans með samþykkt þessa frumvarps.

Mál þetta hefir, eins og kunnugt er, fengið rækilegan undirbúning og verið allmikið rætt og athugað í háttv. Nd., er hefir haft það til meðferðar megnið af þingtímanum. En þrátt fyrir það telur nefndin, að þessi háttv. deild geti ekki gengið að frumvarpinu alveg óbreyttu.

Í 2. gr. 2 er ákveðið tillag úr rikissjóði, er samsvari þeirri upphæð með 4% vöxtum og vaxtavöxtum, er Ræktunarsjóður hefir greitt honum samkvæmt lögum 20. okt. 1905. — Þetta orðalag virðist óviðfeldið, bæði með tilliti til þess, að hjer sjest ekki, hve miklu þetta rikissjóðstillag nemur, og að viðbúið er, að við nákvæman útreikning á þessum vöxtum og vaxtavöxtum geti komið út upphæð, er sýni ekki að eins brot úr hundruðum eða tugum króna, heldur jafnvel einni krónu. En slík nákvæmni verður að teljast algerlega óþörf, og sýnist því sem nægja megi að ákveða þetta tillag rikissjóðs sem næst því, sem þessir vextir og vaxtavextir mundu verða.

Í 19. gr. eru lán, sem veitt eru meðan ekki er lokið útgáfu 1. flokks vaxtabrjefa, undanþegin $1\frac{1}{2}\%$ gjaldinu upp í kostnað við sjóðinn og til varasjóðs. Þessa undanþágu sýnist rjettara að gera yfirgrípsmeiri, þannig, að öll lán úr þessum sjóði verði undanþegin þessu gjaldi, að nokkru eða öllu leyti, ef vextirnir verða $5\frac{1}{2}\%$ —6%.

Að því er snertir skipun gæslustjóra, sem ræðir um í 28. gr., þá virðist það frekar óheppilegt og allsendis ónauðsynlegt, að þar skuli farið eftir tillögum búnaðarþingsins. Eftir því, sem búnaðarþingið er skipað, hlýtur marga af búnaðarþingsfulltrúunum að bresta persónulega þekkingu á hæfileikum þeirra manna, sem kynnu að sækjast eftir þessu starfi, og þar af leiðandi ekki vera betur fallnir en rikisstjórnin til að bera ábyrgðina af skipun þessara starfsmanna síóðsins. Hinsvegar virðist tryggingin fyrir því, að óhæfir menn sitji ekki til langframa í þessari stöðu vera nægileg í því ákvæði, að gæslustjórnarnir gangi úr til skiftis annaðhvert ár.

Loks lítum vjer svo á, að fella beri burtu 34. gr. frv. Ákvæði þetta virðist vera komið inn í frv. eingöngu með það fyrir augum, að sami maður,

sem hefði á hendi forstöðu Ríkisveðbankans, ef stofnaður yrði, skuli og vera framkvæmdarstjóri Ræktunarsjóðsins. En þó af þessu gæti leitt dálitinn sparnað, þá má telja, að hjer eigi við máltækið: Spilla má með sparseminni. Úr því sjóður þessi er á annað borð stofnaður eingöngu fyrir einn ákveðinn atvinnuveg — landbúnaðinn — þá virðist hann eiga að vera, svo í framtíðinni sem í byrjuninni, algerlega sjálfstæður. Fáir ákvæði 34. gr. að standa áfram í frv. og verða að lögum, leiðir ekki að eins af því, að erfitt geti orðið að fá í byrjun hæfan mann til þess að veita Ræktunarsjóðnum forstöðu, þar sem hann hefir enga vissu fyrir að fá að halda starfanum nema um stuttan eða óákveðinn tíma. Hinsvegar getur auðveldlega orðið sú raunin á, að mann þann, sem skipaður yrði sem forstjóri Ríkisveðbankans, brýsti nauðsynlega þekkingu á högum landbúnaðarins, eða þá að áhugi hans og umbótaviðleitni snerist frekar í aðra átt. Og er þá auðsætt, hvílikt tap landbúnaðurinn mundi af því biða, að hans eigin lánsstofnun — Ræktunarsjóðurinn — hefði eigi sinn sjerstaka, ákveðna forstöðumann.

Að þessu athuguðu virðist 34. gr. ekki að eins mega heldur einnig eiga að falla úr frv.

Samkvæmt framansögðu leggjum vjer það þannig til, að háttv. deild samþykki frv. með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 2. gr. 2. Í staðinn fyrir orðin »er samsvari þeirri upphæð, . . . samkv. lögum 20. okt. 1905« komi: 250 þús. krónur.
2. Við 19. gr. Í stað orðanna í 3. málsg. »þó eru lán, sem . . . undanþegin þessu gjaldi«, komi: Gjald þetta fellur burtu, ef vextir þess flokks, sem lánið er veitt úr, eru 6% eða hærri; og ef vextirnir eru milli 5¹/₂% og 6%, færast gjaldið niður hlutfallslega, svo að vextirnir að viðbættu gjaldinu fari ekki fram úr 6%.
3. Við 28. gr. a. Orðin í 1. málsg. »samkvæmt tillögum búnaðarþings« falli burtu.
b. Aftan við sömu málsg. bætist: í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Skal að minsta kosti einn gæslustjórinn hafa sjerþekkingu á landbúnaði.
4. Við 34. gr. Greinin falli burt.

Alþingi, 5. maí 1925.

Eggert Pálsson,
form., frsm.

Hjörtur Snorrason,
fundaskrifari.

Sigurður Jónsson,
með fyrirvara.